

37. gr.

180

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

4. sept.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

181

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Siglufirði, frá 16. júlí 1943.

4. sept.

1. grein samþykktarinnar orðist svo:

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala, svo og ölstofum og veitingastöðum, er ekki hafa nægilegt húsrúm fyrir dans, eða ekki hafa hljómsveit, eða ekki selja heitan, fjölbreyttan mat, skal loka eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. grein. Lyfjabúðir, brauðsölubúðir og mjólkurbúðir, sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til að verzla með, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1943.

F. h. r.

Vígfús Einarsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

182

fyrir Stöðvarfjörð.

15. sept.

I. KAFLI

1. gr.

Stöðvarfjarðarhöfn nær yfir allan Stöðvarfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Kapalhaus norðanmegin fjarðarins í Skútuklökk sunnan megin hans.

II. KAFLI

2. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en oddviti hreppsnefndarinnar hefur á hendi framkvæmd þeirra ásamt tveimur mönnum, sem hver nýkjörin hreppsnefnd kys honum til aðstoðar á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn. Er hreppsnefndaroddvitinn formaður hafnarnefndar og um leið hafnarstjóri. Fyrsta hafnarnefnd skal kjörin strax eftir staðfesting þessarar reglugerðar.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni,